

Á efsta degi - verkefni fyrir 8.-10. bekk

Á sýningunni *Á efsta degi* á Þjóðminjasafni Íslands má sjá átján fjalabrot frá upphafi 12. aldar. Talið er að fjalirnar hafi upphaflega verið hluti af býsanskri dómsdagsmynd í dómkirkjunni á Hólum sem Jón Ögmundsson biskup lét byggja í kringum árið 1106 sem sýndu dómsdag kristinna manna. Fjalirnar fundust á 19.öld og voru þá notaðar sem árefti á bænum Bjarnastaðahlíð og voru áður í Flatatungu.

Dómsdagur

Upphaflega voru dómsdagsmyndir í kaþólskum kirkjum hugsaðar sem myndrænn trúarboðskapur og höfðu að auki mikið listrænt gildi. Þær voru myndræn túlkun og viðvörðun til kirkjugesta á því hvað biði þeirra eftir dauðann og hvernig þeir gátu orðið hólpnir með rétttri breytni í jarðlífinu. Almennur á 12. öld kunni lítið að lesa og því var hentugt að miðla boðskap kristinnar þannig að allir gætu skilið og tileinkað sér. Listrænt gildi þessara fjala er mikið fyrir íslenska menningarímynd og listasögu; austrænar dómsdagsmyndir voru málaðar á veggi kirkna eða gerðar úr mósaík. Þessi dómsdagsmynd sem talin er hafa verið á Hólum er ein af tveimur þekktum austrænum dómsdagsmyndum sem hafa varðveist skornar út úr tré.

Á dómsdegi koma hinir látnu til fundar við Guð og verða dæmdir eftir gjörðum sínum í lífinu, hinna fordæmdu bíður helvítisvist, hinir hólpnu eiga örugga vist á himnum. Dómsdagsmynd þessi er byggð á stílbrögðum og menningarhefð sem rekja má til hins Býsantíska ríkis austur-Evrópu, þar sem ríkti sterk hefð fyrir slíkum myndum. Þar er hægt að greina mismun í austrænum og vestrænum dómsdagsmyndum sem helst má skilgreina sem svo að í býsantískum stíl er mikil áhersla á lýsingu á skepnum jarðar, hafs og himins sem skila manneskjum sem þær hafa gleypst á dómsdegi. Einnig er mikil áhersla á hina helgu bók sem hvílir í auðu háseti Krists, en í bókinni er vitneskja um breytni allra manna sem verða dæmdir á efsta degi.

Dómsdagur er ekki einungis bundinn við kristna trú heldur er einnig að finna í öðrum trúarbrögðum, til dæmis í heiðinni trú norrænna manna. Í Snorra-Eddu er til dæmis sagt frá dómsdegi heiðinna manna sem svipar í mörgu til þess dómsdags sem boðaður var í kristinni trú. Þar má nefna hið sameiginlega stef í mörgum trúarbrögðum að nöðrur, ormar og slöngur séu af hinu illa og tengdar skelfilegum öflum. Á einni fjölinni frá Bjarnastaðahlíð sést skrímsli sem helst líkist ormi skila aftur manni sem það hafði gleypst. Í Snorra-Eddu er skiptingu manna við heimsendi lýst og svipar óneitanlega til þeirrar lagskiptingar sem má finna má í dómsdagsmyndum í misgóða staði sem fara eftir gjörðum manna.

Varðveisla

Með kólnandi loftslagi, skorti á timbri og vegna fátæktar Íslendinga voru fjalirnar smám saman teknar í aðra notkun og lentu sem efniviður í þaki fyrst á bænum Flatatungu og síðar á Bjarnastaðahlíð. Einnig höfðu siðaskiptin á Íslandi árið 1550 mikil áhrif á nýtingu trjáviðar, því bann var afnumið sem hafði fylgt kaþólskum kirkjum um að ekki mætti nota kirkjuviði í venjuleg veraldleg hús. Má segja að það hafi verið afar hentugt að fjalirnar voru rifnar niður úr kirkjunni og notaðar annars staðar því Hóladómkirkja bæði fauk og brann þannig að ef þær hefðu ekki verið endurnýttar hefðu þær ekki varðveist.

Rannsóknir

Dómsdagsmyndin sem hægt er að sjá á gafflvegg þeim sem fjalarbútarnir prýða nú í Bogasal Þjóðminjasafn Íslands er endurgerving Harðar Ágústssonar sem hann byggði á margra áratuga rannsóknum. Þar er meðal annars stuðst við tilgátu Selmu Jónsdóttur um tengsl dómsdagsmyndarinnar á Hólum og myndar sem finna má í kirkju í Torcello á Ítalíu. Þykir þar um greinileg tengsl að ræða þar sem efnistöð hinna íslensku fjala og uppbygging svípar mjög til þeirrar ítölsku.

Uppbygging sýningar

Í upphafi sýningar í fordyri Bogasals er sýning á forvörslusögu fjalanna sem hafa gengið í gegnum mikið og langt ferli forvörslu frá því að þær fundust um miðja 19. öld. Einnig er rakin saga fjalanna á tímaás fyrir ofan inngöngudyr í aðalrými Bogasalar. Benda skal á að í salnum sjálfum þar sem fjalirnar þrettán eru til sýnis styðja gafflveggir sýningar hvor annan, það sem er lesið upp og sést á bogadregna gafflveggnum er stutt með lýsingu á tilgátulíkani Harðar og þeim fjölum sem eru á veggnum. Hljóðleiðsögn fylgir þessu samspili og því er hægt að hlusta og þegar talað er um viðkomandi fjöl þá lýsist hún upp á gaflinum sem tilgátulíkanið prýðir.

Verkefni

Til hvers eru munir forvarðir?

Hvað gerist ef gamlir munir á borð við Bjarnastaðahlíðarfjalirnar eru ekki forvarðir?

Í hvaða kirkju er talið að dómsdagsmyndin hafi upprunalega verið?

Hvaðan kom fyrirmynd myndefnis fjalanna?

Hvar fundust fjalirnar?

Veljið ykkur eina af fjölunum og lýsið því sem þið sjáið á viðkomandi fjöl.

Af hverju valdir þú þessa fjöl?

Hvernig er lagskiptingin? Hverjir eru efst á dómsdagsmyndinni og hverjir eru neðst?

Hver er munurinn á örlögum fólksins vinstra megin á tveimur neðstu fjölum dómsdagsmyndarinnar og á örlögum fólksins hægra megin?

Hvert er hlutverk dýranna á dómsdagsmyndinni?
